

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík

Búðardal, 13. september 2021
Mál nr. 169/2021

Efni: Umsögn sveitarfélagsins Dalabyggðar um breytingar á leiðbeiningum um ritun fundargerða nr. 22/2013 og notkun fjarfundarbúnaðar nr. 1140/2013.

Þegar heimsfaraldur af völdum COVID-19 náði til Íslands þurfti að gera ýmsar breytingar til að hægt væri að halda stjórnarsýslu sveitarfélaga gangandi þrátt fyrir takmarkanir. Ein af þeim breytingum varðaði fjarfundi hjá sveitarstjórnunum, nefndum og ráðum á vegum sveitarfélaga. Sú aðgerð var mjög jákvæð þar sem hægt var að vinna áfram að málefnum sveitarfélaga ásamt því að vernda þá sem sinna störfum í sveitarstjórn og nefndum.

Í breytingunum sem kynntar eru í fyrirleggjandi drögum er kveðið á um að þegar nefndarmaður taki þátt í fundi með rafrænum hætti skuli hann vera staddur í viðkomandi sveitarfélagi eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess, sbr. lög nr. 96/2021.

Sveitarfélagið Dalabyggð vill gera athugasemd við þetta ákvæði. Þegar litið er til stöðu COVID-19 á Íslandi þar sem fólk hefur ítrekað þurft að fara í sóttkví og sumir í einangrun vegna smita, þarf að taka með í reikninginn að ekki hafa allir aðstæður til slíks heima fyrir. Með þessum breytingum væri verið að útloka aðila sem til dæmis þyrftu að dvelja í sóttkví í húsnæði utan sveitarfélagsins frá fundarsetu.

Oft stundar fólk störf í öðrum sveitarfélögum. Væri sveitarstjórnarfulltrúi eða nefndarmaður hjá Dalabyggð t.d. að sinna störfum í nágrannasveitarfélagi á Reykhólum, þyrfti viðkomandi að koma sér yfir miðja Gilsfjarðarbrú á bakaleið til að geta setið fund löglega.

Um land allt er verið að hvetja til starfa án staðsetningar og fjarnáms. Slíkt krefst þess þó oft að viðkomandi aðili mæti á ákveðinn stað með reglulegu millibili. Einnig er það nokkuð venjulegt að íbúar utan höfuðborgarsvæðisins þurfi að leita út fyrir sveitarfélagið til að nýta sér þjónustu sérfræðinga s.s. lækna, sjúkraþjálfara eða sálfræðinga. Einn dagur þar sem aðili sækir sér lækniþjónustu utan heimabyggðar á ekki að útiloka fundarsetu s.s. ef viðkomandi er rétt ókominn aftur inn í sveitarfélagið. Einnig getur þessi breyting útilokað sveitarstjórnarfulltrúa eða nefndarmenn sem þurfa að sinna öðrum verkum meðfram sinni setu í sveitarstjórn eða nefnd.

Æskilegra væri að setja reglur um að þeir sem sinna sveitarstjórnar- eða nefndarstörfum með fjarfundarbúnaði skuli finna til þess stað við hæfi þar sem viðkomandi getur sinnt störfunum án óþarfa áreitis, geti verið sýnilegur allan fundinn og haft kveikt á hljóði þegar þess þarf án hindrana eða einhverskonar truflana.

Um leið vill Dalabyggð lýsa ánægju með breytingar á reglum um staðfestingar fundargerða. Rafræn staðfesting eða staðfesting með tölvupósti auðveldar verklag sveitarfélaga við að halda utan um skjalamál.



Kristján Sturluson
Sveitarstjóri Dalabyggðar